



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI MALDÍVEYJA HEIMSÆKIR ÍSLAND

### ORKUMÁL — SJÁVARÚTVEGUR — LOFTSLAGSBREYTINGAR

Forseti Maldíveyja Mohamed Nasheed heimsækir Ísland á föstudag og laugardag til að kynna sér nýtingu hreinnar orku og sjávarútveg ásamt því að halda opinberan fyrirlestur um loftslagsbreytingar en hækkun sjávarborðs ógnar efnahagslífi landsins og sjálfri tilveru þjóðarinnar.

Þessi vinnuheimsókn var ákveðin á fundi forseta Maldíveyja með forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni á Heimsþingi hreinnar orku sem haldið var í Abu Dhabi í janúar. Forseti Maldíveyja mun eiga fund með forseta Íslands á Bessastöðum á morgun föstudaginn 12. mars klukkan 9:30. Forsetarnir munu ræða við fréttamenn klukkan 10:30. Þá mun forseti Maldíveyja eiga fundi með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Jóni Bjarnasyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

Laugardaginn 13. mars klukkan 13:15 mun forseti Maldíveyja halda fyrirlestur í Öskju í boði forseta Íslands og Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn, sem opinn er öllum almenningi, fjallar um hættuna sem stafar af loftslagsbreytingum og ber heitið „Maldives: Fighting climate change from the frontline“. Forseti Maldíveyja hefur á undanförunum árum vakið heimsathygli fyrir baráttu sína gegn loftslagsbreytingum. Fyrir nokkrum mánuðum hélt hann ríkisstjórnarfund á hafsbotni til að

vekja athygli heimsbyggðarinnar á að Maldíveyjar gætu sokkið í sæ vegna bráðunar íss og jökla, m.a. á norðurslóðum.

Þá munu forseti Maldíveyja og fylgdarlið hans sitja kynningarfundum um orkumál, sjávarútveg og bráðun jökla á Íslandi og Grænlandi. Fjallað verður um nýtingu hreinnar orku á fundi í Hellisheiðarvirkjun þar sem forystumenn í orkumálum og sérfræðingar munu flytja erindi. Þá verður haldinn fundur um sjávarútvegsmál í Hafrannsóknarstofnuninni þar sem sérfræðingar í sjávarútvegi munu kynna árangur Íslendinga. Íslenskir jöklafræðingar og náttúruvísindamenn munu svo kynna forsetanum rannsóknir á íslenskum og grænenskum jöklum og á hafstraumum á norðurslóðum. Sú kynning fer fram í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Í fylgdarliði forseta Maldíveyja eru meðal annars dr. Ahmed Shaheed utanríkisráðherra, embættismenn og sérfræðingar í alþjóðamálum.

*11. mars 2010.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*